

Hverfisráð Hríseyjar

95. fundur

Hverfisráð Hríseyjar fundaði föstudaginn 30. október kl. 10.00 í Hlein.
Á fundinn mættu: Anton Már Steinarsson, Þorgeir Jónsson og Linda María
Ásgeirsdóttir varamaður.

Dagskrá:

1. Nettenging.

Búið er að skipta um búnað í Hrísey yfir í ljósnet. Nú ættu allir að geta fengið fulla sjónvarpsþjónustu og vonandi flestir ljósveitu eins og fram kom í svari frá Mílu. Hverfisráð fagnar því að þessi mál séu loksins komin í lag.

2. Byggðakvóti.

Lagt fram til kynningar.

3. Brothættar byggðir.

Hverfisráðið lýsir ánægju sinni með að búið sé að ráða verkefnastjóra og að hún hafi starfsstöð í Hrísey.

4. Önnur mál.

- Aðstöðuhús á Árskógssandi.
Formaður leggur fram minnisblað frá Vegagerðinni varðandi vinnuferlið á framkvæmdinni. Hverfisráð ítrekar að aðstöðuhúsið verði sem næst skipshlið.
- Bókun Íþróttaráðs frá 8. september lögð fram.
- Umræða um umferðarmál. Ákveðið að hafa sambandi við lögregluna á Akureyri og fá þá til fundar í Hrísey.
- Umræða um stöðu á leyfi frá skipulagsnefnd vegna aksturssvæðið.
- Hverfisráðið lýsir yfir áhyggjur vegna reksturs og umhirðu Nautastöðvar.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 11.30.

Anton Steinarsson.
Linda María Ásgeirsdóttir.
Þorgeir Jónsson.

Fundargerð rituð og skráð í tölvu af Lindu Maríu Ásgeirsdóttur.